

Nd.

165. Frumvarp

til laga um einkasölu á saltfiski.

Flm.: Haraldur Guðmundsson, Sigurjón Á. Ólafsson, Hjeðinn Valdimarsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin hefir fyrir hönd ríkissjóðs sölu og útflutning á söltuðum og þurkuðum fiski, sem veiddur er hjer við land og verkaður er í landi eða fluttur er á land og útflutningshæfur telst.

2. gr.

Ríkisstjórnin getur skipað einn mann eða fleiri til þess að sjá um sölu og útflutning á fiski þeim, sem ríkisstjórnin hefir einkasölu á samkvæmt lögum þessum, og sett með reglugerð eða reglugerðum nánari fyrirmæli um afhendingu á fiski til útflutnings og annað, sem að þessu lýtur.

3. gr.

Allur kostnaður við sölu og útflutning greiðist af söluverði fisksins, og skal draga þann kostnað frá áður en eigendum er greitt andvirði vörunnar.

4. gr.

2% af söluverði fisksins skulu renna í ríkissjóð, enda greiðist ekki neitt annað sjerstakt útflutningsgjald af fiski þeim, sem ríkisstjórnin hefir einkasölu á. Af þessum tekjum má ríkissjóður verja alt að 50% til að útvega nýjan markað fyrir fisk og til tilrauna í þessu skyni.

5. gr.

Ríkisstjórnin má greiða eigendum andvirði fisksins í íslenskum peningum, þótt það hafi verið greitt henni með erlendum gjaldeyri.

6. gr.

Andvirði fisksins afhendir ríkisstjórnin eftir reglum, sem hún setur þar um, og getur ríkisstjórnin sett meðalverð á hverja jafngóða vörutegund frá sama framleiðslutímabili.

7. gr.

Brot gegn lögnm þessum varða sektum, alt að 50 þús. krónum, og renna þær i rikissjóð.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin þau lög eða lagaákvæði, sem fara i bága við þessi lög.

9. gr.

Lög þessi ganga i gildi 1. janúar 1929.

Greinargerð.

Frv. þetta hefir verið borið fram á mörgum undanfarandi þingum, en jafnan felt. Visast til greinargerða, sem áður hafa fylgt frv., og umræðna um það á fyrri þingum.